

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 4. ágúst 2022
Málsnúmer: 202206-0037
LA

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Norðurorku hf. um nýtt nýtingarleyfi á jarðhita við Hjalteyri.

Vísað er í bréf frá Orkustofnun dags. 30. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er varðar umsókn Norðurorku hf. um nýtt nýtingarleyfi vegna nýtingar á jarðhitakerfinu við Hjalteyri í Eyjafirði.

Samkvæmt núgildandi leyfi er Norðurorku heimilt að vinna allt að 180 L/s (meðalvinnsla) á ári með hámarksvinnslu 215 L/s sem hefur verið náð á síðustu ári. Nýtt nýtingarleyfi miðar við 240 L/s meðalvinnslu á ári og að hámarksnýting 340 L/s verði heimiluð. Óskað er eftir því að nýtingarleyfið gildi í 65 ár.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og meðfylgjandi gögn og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í desember 2020 sendi Umhverfisstofnun til Náttúrufræðistofnunar ábendingu um að hitaútsreymi í Arnarnesstrýtunum í Eyjafirði hafði lækkað um 30-40 gráður og sýnilegar breytingar voru á vistkerfinu við strýturnar. Farið var í að kanna orsök þessara breytinga, en þekkt er að jarðhitakerfi geta breyst. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að hitaútsreymi í hverastrýtunum sveiflaðist í tengslum við jarðhitanytingu Norðurorku, þ.e. hitastig jókst yfir sumartíma þegar jarðhitanyting var minni en féll niður yfir vetrartíma þegar hámarksnýting var á jarðhitakerfinu.

Hverastrýturnar á botni Eyjafjarðar norður af Arnarnesnöfum voru friðlýstar sem náttúruvætti árið 2007 með það að markmiði að vernda sérstæðar jarðmyndanir og lífríki, líffræðilega fjölbreytni og einstök náttúrufrýrbrigði sem felast í myndun hverastrýtnanna, efnasamsetningu, útliti og lögun sem og örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður. Hverastrýturnar út af Arnarnesnöfum eru fjölmargar og liggja á um 750 m langri línu með NNA stefnu. Dýpi á svæðinu er á bilinu 25 til 50 m og stærstu strýturnar eru um 12-14 m á háar. Flestar þeirra eru hins vegar lágur og margar mynda eins konar þúfur frekar en eiginlegar strýtur. Hverastrýturnar í Eyjafirði hafa hátt vísinda-, fræðslu- og verndargildi.

Arnarnesstrýturnar í Eyjafirði eru einstakar á heimsvísu vegna sérstakrar myndunar og þess lífríkis sem þar þrífst. Sérstaðan felst jafnframt í því að strýturnar eru myndaðar við ferskvatns útstreymi úr lágbita jarðhitavirkni á litlu sjávardýpi og eru því af annarri gerð (önnur efnasamsetning) en þær hverastrýtur sem þekktar eru í heiminum í dag, sem eru myndaðar úr jarðsjó og finnast á töluverðu dýpi.

Á fundi í lok mars sl. með Umhverfisstofnun og Norðurorku ásamt sérfræðingi í jarðhitakerfum, var rætt mikilvægi þess að fundið sé jafnvægi á jarðhitanytingunni í



Hjalteyrarkerfinu og þannig komast hjá því að hverastrýturnar og lífríki þeirra verði fyrir tjóni. Norðurorka hefur komið upp öflugri vöktun til að hægt sé að fylgjast með breytingum sem verða á hitaútsreymi hverastrýtanna, bæði er varðar hitastig og efnasamsetningu vatns. Þá hefur Umhverfisstofnun reglulegt eftirlit með hitastigi og myndatökum.

Í greinargerð ISOR kemur fram að næsta uppfærsla á forðafraeðilegu líkani af Hjalteyri fari fram á árinu 2022 og bent er á að mikilvægt sé að forðafraeðilegar forsendur liggi til grundvallar vinnsluleyfinu. Náttúrufræðistofnun tekur undir mikilvægi þessarar uppfærslu og telur þörf á að beðið sé eftir uppfærðu líkani áður en nýtt nýtingarleyfi er veitt.

Út frá ofangreindu er það mat Náttúrufræðistofnunar að ekki sé tímabært að leyfa aukna jarðhitánýtingu úr Hjalteyrarkerfinu þangað til að fullreynt sé að koma á jafnvægi í nýtingu kerfisins. Náttúrufræðistofnun skilur vel mikilvægi jarðhitans fyrir samfélagið en telur jafnframt að þegar um er að ræða mikilvægar náttúruminjar á heimsvísu sem eiga á hættu að glatast vegna jarðhitánýtingar sé þörf á að staldra við og leita leiða til að vernda þær.

Þá telur Náttúrufræðistofnun að 65 ára gildistími nýtingarleyfis sé full langur tími fyrir nýtingu sem vitað er að hafi áhrif á verðmæt náttúrufrýrbæri.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs